

Minnisblað um málefni sundstaða Hafnarfjarðar – mars 2017

Efni: Aukinn opnunartími við sundstaði Hafnarfjarðar – kostnaðarmat á ákveðnum leiðum.

Hér að neðan er uppfærsla á atriðum úr minnisblöðum undirritaðs frá því í janúar og febrúar 2016 um aukna opnun á sundstöðunum.

Einungis er velt upp möguleikum varðandi breytingu á opnun í Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug – ekki er velt upp möguleikum varðandi breytingar í Sundhöll Hafnarfjarðar. Gert er ráð fyrir í minnisblaðinu að heildarkostnaður við yfirvinnuklukkustund sé kr. 4.100,-

Leið 1:

Aukin er opnun í Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug um 1 klst (opið 6.30 til kl. 22.00) 4 kvöld í viku (mán-fim). Jafnframt er aukin opnun í laugunum á sunnudögum um 1 klst (opið 8.00 – 18.00).

Aukinn kostnaður vegna yfirvinnu á ársgrundvelli er annars vegar vegna Suðurbæjarlaug kr. 4.277.000,- og hins vegar vegna Ásvallalaugar kr. 5.908.000,- Samtals aukinn launakostnaður kr. 10.185.000,-

Leið 2:

Aukin er opnun í Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug um 1 klst (opið 6.30 til kl. 22.00) 4 kvöld í viku (mán-fim).

Aukinn kostnaður vegna yfirvinnu á ársgrundvelli er annars vegar vegna Suðurbæjarlaugar kr. 3.424.000,- og hins vegar vegna Ásvallalaugar kr. 4.709.000,- Samtals aukinn launakostnaður kr. 8.133.000,-

Sumaropnun í Suðurbæjarlaug – 12.júní til og með 13.ágúst 2017:

Aukin er opnun í Suðurbæjarlaug í ca. 2 mánuði yfir sumarið (frá mánud. 12.júní til og með sunnud. 13.ágúst). Um er að ræða aukna opnun um 1 klst. (opið 6.30-22.00) 5 kvöld í viku (mán-fös), og opið til kl. 20.00 á sunnudögum. Gert er ráð fyrir að aukin opnun sé alfarið unnin í yfirvinnu og að heildarkostnaður við yfirvinnuklukkustund sé kr. 4.100,-

Jafnframt er gert ráð fyrir að þeir starfsmenn sem vinna aukna opnun á sunnudögum geri það í framhaldi af sinni sunnudagsvakt, en þessi aukna opnun mun hafa þau áhrif að hvíldartímaákvæði verða brotin á mánudagsmorgni með tilheyrandi kostnaði.

Aukinn kostnaður á virkum dögum (43 x 1 x 5 x 4100) = 882 þús. og á sunnudögum (9 x 3 x 5 x 4100) = 554 þús auk kostnaðar vegna hvíldartímabrots (9 x 4 x 4 x 4100) = 590 þús. eða samtals kostnaður 2.026 þús. kr.

Athugasemdir varðandi aukna opnun:

- Athuga ber að í núverandi fjárhagsáætlun sundstaðanna fyrir árið 2017 er ekki gert ráð fyrir neinum breytingum á opnunartíma staðanna.
- Við samanburð við opnanir sundstaða í öðrum sveitarfélögum er rétt að taka fram að t.a.m. er í Kópavogi þrifum í laugunum háttáð þannig að um aðkeypta þjónustu er að ræða sem unnin er eftir lokunartíma. Í Hafnarfirði sér eingöngu starfsfólk lauganna um þrif og frágang í laugunum eftir lokun. Þ.a.l. getur opnunartími í Kópavogi verið lengri sem nemur þrifa- og frágangstíma.
- Ef breyta ætti opnun sundstaðanna varanlega um helgar þannig að opnunin yrði í heildina lengri en 1-2 klst. gæti það krafist uppstokkunar á vaktakerfi lauganna þar sem í dag er aðeins ein vakt sem vinnur um helgar, en lengri viðvera en nú er gæti krafist tveggja vakta.
- Erfitt getur verið að meta auknar tekjur vegna aukins opnunartíma t.d. um 1 klst. Hugsanlegt er að aðsókn dreifist um opnunartímamann þó rétt sé að halda til haga að um aukna þjónustu við notendur er að ræða. Veðráttu spilar jafnan ávallt inn í aðsókn, einkum í Suðurbæjarlaug að sumarlagi.
- Mögulegar tekjur vegna aukinnar opunar myndu þurfa að ganga uppí aukinn kostnað vegna opunarinnar þ.m.t. annan kostnað en launakostnað. Í framangreindum tölum er jafnframt ekki velt upp öðrum kostnaði en launakostnaði – þó ljóst sé að aukin opnun hefur í för með sér annan aukinn rekstararkostnað en launakostnað, en launin vega öllu meira þegar á heildina er litið.
- Það er varhugavert að vera með mismunandi opnunartíma í Suðurbæjarlaug og Ásvallalaug allt eftir árstíðum. Það gæti valdið misskilningi að vera með lengri opnun í Ásvallalaug yfir veturinn en svo lengri opnun í Suðurbæjarlaug yfir sumarið.

Rauðir dagar:

- Á undanförunum árum hefur færst í vöxt í öðrum bæjarfélögum á Höfuðborgarsvæðinu að auka opnun sundstaða á svokölluðum „rauðum dögum“ – og þá með því að hafa opið í ákveðnum laugum í bæjarfélaginu á stórhátíðardögum – sem dæmi á Föstudeginum langa eða á Hvítasunnudegi.
- Kostnaður við að hafa opið á „rauðum“ degi frá kl. 8-17 m.v. 5.300 kr. launakostnað pr stórhátíðarvinnustund er í Ásvallalaug ca. kr. 350.000,- en í Suðurbæjarlaug ca kr. 244.000,-. Taka ber mið að því að á slíkum dögum kæmu tekjur inn í formi aðgangseyris – erfitt er að meta hversu miklar tekjurnar væru þar sem veðráttu spilar stóra rollu í þeim efnum.
- Undirritaður telur athugandi að mæta þessari auknu eftirspurn eftir opnun á ákveðnum rauðum dögum á árinu 2017 með því að hafa opið í Hafnarfirði sem hér segir:
 - Föstudagurinn langi, 14.apríl – opið kl. 8-17 í Suðurbæjarlaug
 - Páskasunnudagur, 23.apríl – opið kl. 8-17 í Ásvallalaug
 - Hvítasunnudagur, 4.júní – opið kl. 8-17 í Suðurbæjarlaug
 - Annar í jólum, 26.des – opið kl. 8-17 í Ásvallalaug
 - Aðfangadagur, 24.des, sunnud. – opið kl. 8-13 í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug
 - Gamlársdagur, 31.des, sunnud. – opið kl. 8-13 í Ásvallalaug og Suðurbæjarlaug
- Kostnaðarauki m.v. ofangreinda opnun í Ásvallalaug (350 + 350 + 75 + 75) = 950 þús. kr. og í Suðurbæjarlaug (244 + 244 + 43 + 43) = 634 þús kr eða samtals 1.584 þús. kr.

Ekki yrði opið á sundstað í Hfj. á eftirtöldum dögum; 1.maí, 17.júní, jóladag (25.des) og 1.jan 2018

Hafnarfirði, 23.mars 2017

Virðingarfyllt,

Aðalsteinn Hrafnkelsson
Forstöðumaður stundstaða